

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.

1. gr.

Vatnsgjald íbúðarhúsa og sumarhúsa er kr. 48.493 pr. ein.

Vatnsgjald annarra húsa sem tengd eru vatnsveitu er 0,29% af fasteignamati.

2. gr.

Lágmarksheimæðargjald í þéttbýli á Hellu, Rauðalæk, Laugalandi og Þykkvabæ, sem og í stök frístundahús og íbúðarhús í dreifbýli, er kr. 258.562 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar.

Heimæðargjald miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð, úttekið af starfsmönnum vatnsveitunnar, hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað mannvirkis út fyrir lóðarmörk.

Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Þvermál rörs</i>	<i>Lágmarksgjald kr.</i>	<i>Verð pr. m umfram 25 m, kr.</i>
25 mm	258.562	4.501
32 mm	286.342	4.565
40 mm	315.205	4.797
50 mm	344.429	5.159
63 mm	387.242	5.700
75 mm	444.967	5.946
90 mm	487.059	6.590

3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal auk vatnsgjalds, greiða sérstakt notkunargjald kr. 37,98 pr. m³ samkvæmt rennslismæli sem vatnsveitan á og rekur.

Fyrir rennslismæla skal greidd árleg mælaleiga eftir stærð mælis sem hér segir:

32 mm	15.634 kr.
40 mm	18.039 kr.
50 mm	24.052 kr.
63 mm	45.699 kr.
75 mm	63.739 kr.
90 mm	90.196 kr.

4. gr.

Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna tengingar við stofnkerfi vatnsveitunnar.

Að auki skal greiða kr. 174.379 fyrir hvert lögbýli sem óskar tengingar við kaldavatnsveitu.

Þar sem skipulagðar eru 4 eða fleiri orlofshúsalóðir á samfelldu svæði, skal greiða auk alls kostnaðar við dreifilagnir, tengigjald kr. 174.379 pr. hús fyrir fyrstu fjögur húsin, en kr. 58.327 pr. hús eftir það.

Fyrir vatnslögn í landspildu/beitarhólf skal auk útlagðs kostnaðar, greiða kr. 30.065 á hverja tengingu.

5. gr.

Vatnsgjald fyrir vatnsnotkun í beitarhólf/landspildu, þar sem ekki er flot- eða skriðlokabúnaður skal vera kr. 72.740 fyrir hvern aftöppunarstað.

Þar sem brynning er með flot- eða skriðlokabúnað viðurkenndan af starfsmönnum vatnsveitunnar, skal vatnsgjald vera kr. 24.247 á hvern aftöppunarstað.

6. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru hinir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

Gjalddagi heimæðagjalda er tengidagur og eindagi 30 dögum síðar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda til allt að 18 mánaða frá gjalddaga.

Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

7. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undan-genginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum 1. janúar ár hvert, skv. byggingarvísitölu útgefinni af Hagstofu Íslands.

Byggingarvísitalan fyrir desember 2016 er 130,2 stig.

9. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af stjórn vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps þann 6. desember 2016 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1166/2015.

Hellu, 6. desember 2016.

Porgils Torfi Jónsson,

formaður stjórnar vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.